

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ v. skýrslu dómara úr leik ÍA gegn Val 26. febrúar 2026

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, þann 10. mars 2026, var tekið fyrir mál FH sem er tilkomið vegna skýrslu dómara frá ofangreindum leik. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði sem koma fram í skýrslu dómara. Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Samkvæmt skýrslu dómara var leikskýrsla Vals á þann veg að markmaður í byrjunarliði var tilgreindur nr. 25, Stefán Þór Ágústsson, og varamarkvörður nr. 1, Ögmundur Kristinsson. Þegar leikmenn gengu til vallar er leikmaður nr. 1 í markinu og Valur vill ekki breyta liðsskipan þó staðfest leikskýrsla beri annað með sér. Skipting var gerð í hálfleik þar sem markmaður nr. 25 kom inn á fyrir markmann nr. 1 en dómari lenti í vandræðum með að staðfesta leikskýrslu þar sem ekki var hægt að skrá þessa skiptingu.

Valur skilaði greinargerð í málinu þar sem vísað er til þess að mistök hafi verið gerð sem uppgötvuðust rétt fyrir leik en þá hafi verið of seint að breyta liðsskipan. Engin ásetningur hafi búið að baki.

Niðurstaða:

Samkvæmt gr. 36.3 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir:

„Ef leikskýrsla er vísitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í meistaraflokki getur sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 100.000 og allt að kr. 250.000. Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu í öðrum aldursflokki en í meistaraflokki getur sætt sekt að lágmarki upphæð kr. 50.000 og allt að kr. 100.000. Sé um vísitandi brot að ræða skal sektin vera allt að kr. 150.000 í meistaraflokki en 100.000 í öðrum flokkum.“

Aga- og úrskurðarnefnd telur með vísan til alls framangreinds og gagna málsins ljóst að leikskýrsla Vals í umræddum leik hafi verið ranglega útfyllt. Ekki er talið að svo hafi verið af ásettu ráði en nefndin telur þá háttsemi að fylla skýrslu út með röngum hætti fela í sér brot gegn framangreindu ákvæði. Samkvæmt orðum ákvæðisins er lágmarkssekt kr. 100.000,-.

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Vals skal sæta sekt að fjárhæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Reykjavík 11. mars 2026

aga- og úrskurðarnefnd KSÍ